



Ársreikningur Fjarðabyggðar 2013  
Fyrri umræða í bæjarstjórn  
10. apríl 2014

Ársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2013 er hér með lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn, áritaður af bæjarráði og bæjarstjóra, eins og sveitarstjórnarlög kveða á um. Áformað er að ársreikningurinn verði afgreiddur endanlega við síðari umræðu í bæjarstjórn, þann 8.maí næstkomandi.

Ég mun fara yfir helstu stærðir ásamt þeim atriðum sem vert er að nefna vegna fyrri umræðunnar um ársreikninginn. Með mér eru Snorri Styrkársson, fjármálastjóri og Magnús Jónsson, endurskoðandi hjá KPMG og munum við að yfirferð lokinni svara spurningum bæjarfulltrúa um ársreikninginn.

Að venju fer hér fram mikill lestur á tölum, enda eðlilegt að gerð sé skýr grein fyrir ársreikningi sveitarfélagsins. Dregin saman í eina setningu, á sambærilegan hátt og gert var í fyrra, er niðurstaðan eftirfarandi:

Á sama tíma og rekstrarútgjöld voru í samræmi við áætlanir, fóru tekjur hækkandi, sem veitir sveitarfélaginu frekara svigrúm en áður, til að greiða skuldir niður og ná markmiðum fjárhagslegra viðmiða fyrr en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða hjá samstæðu A og B hluta var jákvæð um 1.465 millj. kr. á árinu. Þar af var rekstrarniðurstaða í A hluta 624 millj. kr. Góð framlegð var í rekstri samstæðu A og B hluta á árinu 2013, en svokölluð EBITDA<sup>1</sup> framlegð nam 28%. Í A hluta nam EBITDA framlegðin 16%. Jákvæð rekstrarniðurstaða á rekstri samstæðu sveitarfélagsins er 938 millj. kr. á árinu og í A hluta 286 millj. kr. Til samanburðar var rekstrarafgangur samstæðu 444 millj. kr. á árinu 2012 og í A hluta 9 millj. kr.

Á heildina litið er þrennt sem skýrir jákvæðan rekstur sveitarfélagsins. Í fyrsta lagi voru tekjur hærri en gert var ráð fyrir þ.e. samanlagðar skatttekjur, framlag jöfnuarsjóðs og tekjur hafnarsjóðs. Í öðru lagi urðu minni áhrif vegna verðlagsbreytinga, s.s. lægri verðbólgu- og gengishagnaðaráhrif samfara styrkingu krónunnar

---

<sup>1</sup> Skammstöfunin EBITDA stendur fyrir *Earnings Before Interest, Taxes, Depreciation and Amortization* eða hagnað fyrir fjármagnsliði, skatta, afskrift fastafjármuna og viðskiptavildar. Til styttingar er talan gjarnan nefnd hagnaður fyrir afskriftir. Hún er mælikvarði á framlegð fyrirtækja og segir til um hve miklu reksturinn skilar, óháð fjármögnun hans og skattaumhverfi



og í þriðja lagi má nefna jákvæð áhrif á fjármagnsliði og efnahag vegna 286 millj. kr. skuldleiðréttingar á skuldbindingum við Íslandsbanka.

Skýringar á hækkun rekstrarafkomu á milli ára má einkum rekja til hærri tekna sveitarfélagsins. Útsvar hækkaði um 70 millj. kr. á milli ára og fasteignaskattar um 40 millj. kr. sem gerir samtals 110 millj. kr. Þá hefur fjárhagslegt aðhald í rekstri sveitarfélagsins einnig skilað sér í jákvæðum áhrifum á afkomuna.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2013 námu 5.184 millj. kr. samkvæmt ársreikningi hjá samstæðu A og B hluta. Þar af námu rekstrartekjur A hluta 3.811 millj. kr. Rekstrartekjur eru 190 millj. kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun og hækka um 285 millj. kr. frá síðasta ári.

Skatttekjur samstæðu, sem samanstanda af útsvari, fasteignaskatti og framlögum jöfnunarsjóðs, aukast um 176 millj. kr. frá fyrra ári. Hærri útsvarstekjur að fjárhæð 70 millj. kr. skýrast m.a. aukinna umsvifa í atvinnulífi í Fjarðabyggð, góðu gengi útflutningsgreina og atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Fasteignaskattar hækka um 40 millj. og framlög jöfnunarsjóðs um 65 millj. kr. Þar sem öll framlög, s.s. vegna fasteignaskatts, útgjaldajöfnunar, skólamála, málefna fatlaðra og húsaleigubóta, eru hærri en á árinu 2012. Aðrar rekstrartekjur samstæðu í heild, aukast um 109 millj. kr. frá fyrra ári.

Rekstarkostnaður ársins 2013, þ.e. laun, launatengd gjöld og annar rekstarkostnaður, nam alls 3.719 millj. kr. í samstæðu A og B hluta og 3.187 millj. kr. í A hluta.

Laun og launatengd gjöld í samstæðu A og B hluta námu samtals 2.182 millj. kr. og hækka um 26 millj. kr. á milli ára, eða um 1,2%, að meðtöldum reiknuðum breytingum á lífeyrisskuldbindingum. Á sama hátt var launakostnaður Fjarðabyggðar árið 2013 um 44 millj. kr. hærri en áætlun ársins gerði ráð fyrir.

Áætlun ársins gerði ráð fyrir 3,25% launabreytingu milli árána 2012 og 2013. Almenn launabreyting samkvæmt launavísitölu nam hinsvegar tæpum 6%. Að frádreginni breytingu lífeyrisskuldbindinga þá hækkuðu launaútgjöld Fjarðabyggðar og stofnana um 5,9% á milli árána 2012 og 2013.

Aukning launakostnaðar árið 2013 umfram fjárhagsáætlun ársins varð um 39 millj. kr. og má skýra fráviknið að mestu með veikindalaunum, umframráðningu sumarstarfsmanna og mannbreytingum á framkvæmdasviði. Alls nemur hækkun umfram fjárhagsáætlun 1,8%, sem er innan skekkjumarka.

Lífeyrisskuldbinding Fjarðabyggðar og stofnana hækkaði ekki um nema 60 millj. kr. á milli árána 2012 og 2013 eða um 4%. Skýrist það m.a. af kostnaðarlækkun til framtíðar vegna sameiningar Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar við LSS, Lífeyrissjóð sambands sveitarfélaga, endurmat eignasafns og endurmetna tryggingafræðilega úttekt.

Í árslok 2013 starfði 481 starfsmaður hjá sveitarfélaginu í 324 stöðugildum, samanborið við 484 starfsmenn í 326 stöðugildum í ársbyrjun.



Annar rekstrarkostnaður hækkar um 119 millj. kr. eða um 7,7 % á milli ára í samstæðu A og B hluta og 3% frá fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Afskriftir í A hluta námu 217 millj. kr. á árinu 2013 samanborið við 215 millj. kr. á fyrra ári. Hjá samstæðu A og B hluta eru afskriftir ársins 410 millj. kr. samanborið við 387 millj. kr. á árinu 2012.

Hrein fjármagnsgjöld námu 100 millj. kr. hjá samstæðu A og B hluta samanborið við 482 millj. kr. á árinu 2012. Hjá A hluta eru hrein fjármagnsgjöld 121 millj. kr. samanborið við 273 millj. kr. á árinu 2012. Þessi mikli munur á fjármagnsgjöldum milli ára skýrist m.a. af áhrifum skuldleiðréttingar upp á 286 millj. kr. og gengismunar uppá 85 millj. kr. eða samtals 372 millj. kr.

Eignir sveitarfélagsins eru 11.444 millj. kr. í lok árs 2013, en voru 11.281 millj. kr. í ársbyrjun. Fastafjármunir samstæðu A og B hluta voru 10.182 millj. kr. í árslok 2013 og veltufjármunir samtals 1.261 millj. kr. Vegna endurmats lóða og lendna, var í samræmi við álit reikningsskilanefndar sveitarfélaga nr. 2/2010, 351 millj. kr. færð til hækkunar á fastafjármunum og eigin fé á árinu .

Handbært fé er 671 millj. kr. í lok árs hjá samstæðunni en var 915 millj. kr. í ársbyrjun. Eignarhlutar í félögum námu 508 millj. kr. í árslok 2013. Þar af vegur þyngst 265 millj. kr. eignarhlutur í Lánasjóði sveitarfélaga og 140 millj. kr. hlutur í Sparisjóði Norðfjarðar. Niðurfærsla eignarhluta í félögum nam 22 millj. kr. í árslok 2013.

Eigið fé í samstæðu A og B hluta er jákvætt um 1.819 millj. kr. og neikvætt í A hluta um 197 millj. kr. Til samanburðar var eigið fé samstæðu 530 millj. kr. í ársbyrjun og neikvætt í A hluta um 833 millj. kr.

Lífeyrirsskuldbinding samstæðu A og B hluta var 1.698 millj. kr. í árslok og langtímaskuldir 6.768 millj. kr. Af langtímaskuldum eru 930 millj. kr. leiguskuldir og 5.837 millj. kr. langtímaskuldir við lánastofnanir. Á árinu 2013 lækkuðu skuldir og skuldbindingar um 1.126 millj. kr., þar af langtímalán um 942 millj. kr.

Skammtímaskuldir hjá samstæðu eru samtals 1.158 millj. kr. Þar af eru 535 millj. kr. næsta árs afborgun langtímaskulda og 48 millj. kr. reiknuð afborgun leiguskulda.

Skuldahlutfall samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið er 186% í A og B hluta, en var 219% í lok árs 2012. Skuldaviðmið samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið var 170% í lok árs 2013, en var 198% í lok árs 2012. Skuldir í hlutfalli við tekjur eru að lækka hraðar en ráð var fyrir gert, en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir að 150% skuldaviðmiði yrði náð árið 2018. Ef fram heldur sem horfir næst skuldaviðmiðið tveimur árum fyrr eða árið 2016.

Í sjóðstreymisyfirliti sést að veltufé frá rekstri nemur 1.274 millj. kr. hjá samstæðu og 507 millj. kr. hjá A hluta. Mikilvægt er að þessi stærð sé jákvæð um það sem nemur a.m.k. afborgunum lána og fjárfestinga,



nema þær séu fjármagnaðar með lánum og greitt af til lengri tíma eða gengið sé á handbært fé. Mikið veltufé frá rekstri hjá samstæðu A og B hluta sýnir best þann góða fjárhagslega styrk sem sveitarfélagið býr yfir til að takast á við skuldbindingar. Fjárfestingahreyfingar námu 512 millj. kr. í A og B hluta og fjármögnunarhreyfingar 1.070 millj. kr. Lækkun varð því á handbæru fé um 245 millj. kr. enda voru skuldbindingar greiddar aukalega niður um 200 millj. kr. Handbært fé í árslok 2013 er 671 millj. kr.

Í A hluta nam handbært fé frá rekstri 612 millj. kr. samanborið við 313 millj. kr. á árinu 2012. Afborganir lána voru 492 millj. kr. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 38 millj. kr. í A hluta og 532 millj. kr. í samstæðu A og B hluta.

Helstu fjárfestingar á árinu eru vegna hafnarmannvirkja, vatnsveitu, snjóflóða og ofanflóðavarna, gatnaframkvæmda og nýs hjúkrunarheimilis á Eskafirði.

Í ársreikningi Fjarðabyggðar 2013 kemur vel fram styrkur sveitarfélagsins. Bendir ekkert til annars en að tekjugrunnur sveitarfélagsins haldi áfram að eflast og styrkjast líkt og áætlað var þegar ársreikningur 2012 var lagður fram. Skuldsetning sveitarfélagsins er engu að síður yfir viðmiðum og vinna þarf áfram að rekstrarlegri hagræðingu, þótt góðum árangri hafi verið náð í því að ná skuldaviðmiði niður og jafnvægi í rekstri til skemmri og lengri tíma. Sterkur tekjugrunnur, sem byggður er meðal annars á sterkum atvinnugreinum í sjávarútvegi, áliðnaði og þjónustugreinum, gefur á hinn bóginn fyrirheit um kraftmikið samfélag til framtíðar litið.

Páll Björgvin Guðmundsson,  
bæjarstjóri Fjarðabyggðar